

## 2. fundur 2016

Árið 2016, fimmtudaginn 13. október kl. 13:00 var haldinn fundur í Almannavarnanefnd Þingeyinga að Garðarsbraut 5 á Húsavík.

Mætt: Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri á Norðurlandi eystra, Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurlands, Sigurður Þór Guðmundsson oddviti Svalbarðshrepps, Yngvi Ragnar Kristjánsson, oddviti Skútustaðahrepps, Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, Grímur Kárason slökkviliðsstjóri Norðurlands og Þórarinn Þórisson, slökkviliðsstjóri Langanesbyggðar. Einnig sátu fundinn Kristján Kristjánsson yfirlögregluþjónn og Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Þingeyinga, sem einnig ritaði fundargerð. Elías Pétursson sveitarstjóri Langanesbyggðar og Steinþór Heiðarsson oddviti Tjörneshrepps boðuðu forföll.

Formaður, Halla Bergþóra Björnsdóttir, setti fund og stjórnaði honum

### Á fundi gerðist þetta:

#### 1) Fjárhagsáætlun 2017 og þriggja ára áætlun 2018-2020

Grímur Kárason gerði grein fyrir áætluninni og helstu forsendum hennar. Í meginatriðum er gert ráð fyrir svipaðri starfsemi og á yfirstandandi ári, þannig að unnt verði að halda úti einni stærri æfingu eða skrifborðsæfingu árlega og halda áfram gerð viðbragðsáætlana vegna stærstu áhættuþátta.

Grímur lagði fram tillögu þess efnis að heimilt væri að ráðstafa ónýttum árlegum fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun til geymslu og nota síðar.

Eftir umræðu var fjárhagsáætlun 2017 ásamt þriggja ára áætlun 2018-2020 samþykkt samhljóða.

Tillagan um ráðstöfun ónýttra fjármuna rædd og samþykkt samhljóða með því skilyrði að öll ráðstöfun þeirra fjármuna hljóti afgreiðslu nefndarinnar líkt og ráðstöfun fjármuna árlegrar fjárhagsáætlunar.

#### 2) Kynning á hópslýsaæfingu sem fram fór nú í haust

Halla Bergþóra Björnsdóttir gerði grein fyrir hópslýsaæfingu sem fram fór í haust. Um var að ræða rútuslys í Aðaldal. Æfingin tókst vel en m.a. var verið að æfa nýja stjórnendur í öllum stöðum í fyrsta skipti, en nauðsynlegt er að hafa á að skipa fleiri en einn í hverja stöðu til að tryggja öryggi í útköllum. Lokaskýrsla almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra er að vænta á næstu vikum. Útlagður kostnaður við æfinguna var um 600 þús. sem aðallega liggur í fæði fyrir þátttakendur ásamt förðun og öðru smálegu.

#### 3) Kynning á stofnsamningi Héraðsnefndar Þingeyinga (HNP) bs.

Reinhard Reynisson gerði grein fyrir helstu ákvæðum stofnsamnings HNP bs. sem tók gildi á árinu og snúa að starfsemi almannavarnarnefndarinnar. Fyrst og fremst er um að ræða ákvæði um vinnslu og afgreiðslu fjárhags- og starfsáætlunar sem skv. 8. gr. stofnsamningsins á að vera lokið hjá nefndinni 30. sept. ár hvert.

#### 4) Önur mál

- Kristján Kristjánsson greindi frá því að stefnt væri að því að halda verkþáttastjóranámskeið eftir áramótin.

# Almannavarnanefnd Þingeyinga

---

- Rætt um nauðsyn þess að standa vörð um löggæslu og sjúkraflutninga á svæðinu og í því sambandi kom fram að góð reynsla væri komin á það fyrirkomulag sem upp var tekið á Kópaskeri og að því þyrfti að koma á víðar. Fordæmi annars staðar af landinu eru fyrir því að fjármunir hafi fengist í gegnum Byggðastofnun til að styðja við sjúkraflutninga. Kanna þarf möguleika á því hér á svæðinu m.a. útfrá skilgreiningum stofnunarinnar á „brothættum byggðum“.
- Huga þarf að undirbúningi viðbragðsáætlunar vegna kjarr- og gróðurelda og var starfsmanni veitt heimild til að undirbúa málið í samstarfi við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.
- Rætt um mengunarvarnir í höfnum og á sjó en þær eru á hendi viðkomandi hafnaryfirvalda og llandhelgisgæslunnar eftir því sem við á.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:55